

Bætt þjónusta við blinda, sjónskerta og dauflinda

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 16. nóvember 2007 að fela ráðuneytisstjórn [menntamálaráðuneytis](#), [heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis](#) og [félagsmálaráðuneytis](#) að vinna að framkvæmd bættrar þjónustu við blinda, sjónskerta og dauflinda á grundvelli tillagna framkvæmdanefndar sem [menntamálaráðherra](#) skipaði í maí 2007.

Tillögurnar fela í sér að sett verði á lagginn miðlæg þjónustumiðstöð sem heyrir undir félagsmálaráðuneyti en annist einnig framkvæmd þeirra þjónustupáttanna sem falla undir stjórnsýslulega ábyrgð sveitarfélaga og annarra aðila ríkisins, eða ráðuneyta menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamála. Miðstöðinni verði ætlað að annast alla sérfræðipjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga, sem og aðstandendur þeirra, og þá aðra aðila sem starfa með eða styðja við þessa einstaklinga, utan við almenna heilbrigðisþjónustu og sérfræðipjónustu skóla.

Með stofnun heildstæðrar þjónustumiðstöðvar verður starfsemi [Sjónstöðvar Íslands](#) í heild sinni færð til þjónustumiðstöðvarinnar, sem og lítil hluti af starfsemi [Blindrabókasafns Íslands](#). Sjónstöðin verður lögð niður og Blindrabókasafninu breytt í Hljóðbókasafn Íslands og mun sinna þeim einstaklingum sem leita eftir hljóðbókum en um 1% lánþega nýta sér aðra þjónustu safnsins. Einnig verður tiltekin starfsemi sem nú er sinnt af [Blindrafélaginu](#) og

[Dauflindrafélagi Íslands](#) færð til þjónustumiðstöðvarinnar, sem og starfandi blindrakennarar/kennsluráðgjafar.

„Ég tel að með þessu sé stigið afskaplega mikilvægt skref í þá átt að bæta þjónustu við blinda, sjónskerta og dauflinda. Þessi hópur hefur líkt og fleiri liðið fyrir að ábyrgð á þjónustunni hefur dreifst á marga aðila og því oft óljóst hvar ábyrgðin liggur í raun. Á þessu er tekið í tillögum framkvæmdanefndarinnar og ég fagna því að sátt hefur náðst um þetta mikilvæga mál. Það hefur lengi verið ósk blindra og sjónskertra að stofnuð verði ein miðlæg þjónustumiðstöð eða þekkingarmiðstöð er taki á þeirra málum en það mál er nú að komast í höfn. Með því næst tvennt. Annars vegar verður nú skýrt hvert ber að leita eftir þjónustu og hver ber ábyrgð á henni. Hins vegar samnýtist þekking og reynsla þeirra sem starfa að málum blindra og sjónskertra þegar þeir verða samankomnir á einum vinnustað í stað þess að dreifast vítt og breitt um kerfið,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjónstöð Íslands teljast 1.500 einstaklingar á Íslandi fatlaðir vegna skertrar sjónar, um 20 eru dauflindir, um 330 eru lögblandir (innan við 10% sjón) en aðrir eru alvarlega sjónskertir (milli 10% og 30% sjón).

[Skýrsla framkvæmdanefndar](#) er aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis.

Vefur um lestrarerfiðleika

Á [degi íslenskrar tungu](#), 16. nóvember síðastliðinn, opnaði [menntamálaráðherra](#) formlega vefinn <http://lesum.khi.is>. Þar er að finna ýmsar gagnýtar upplýsingar um læsi og lestrarerfiðleika en hlutverk hans er að miðla þekkingu til foreldra, kennara og nemenda um læsi og lestrarerfiðleika, kennsluáferðir og nýjungar. Auk þess geta nemendur, foreldrar og kennarar sent inn fyrirspurnir sem tengjast lestrarvanda. [Kennaraháskóli Íslands, SRR – Simenun Rannsóknir Ráðgjöf](#) tók að sér að setja upp og sjá um vefinn samkvæmt samningi við [menntamálaráðuneyti](#).

Vefur um lestrarerfiðleika er liður í stærra verkefni sem nú er unnið að í ráðuneytinu og byggir á tillögum sem settar eru fram í [skýrslu nefndar um lestrarörðugleika og leshömlun](#). Meginmarkmið verkefnisins er að bæta þjónustu við nemendur með lestrarerfiðleika.

Verðlaun

Jónasar Hallgrímssonar

Í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar var hátíðardagskrá í [Þjóðleikhúsinu](#) að kvöldi 16. nóvember og var dagskránni sjónvarpað beint til allra landsmanna. Við það tækifæri afhenti [menntamálaráðherra Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) á [degi íslenskrar tungu](#). Verðlaunin hlaut að þessu sinni herra Sigurbjörn Einarsson biskup. Í greinargerð ráðgjafanefndar um verðlaunahafa segir meðal annars: „Hann er ástsæll kenningamaður og sálmaskáld og tók hans á íslensku máli eru einstök. Hann hefur um áratuga skeið verið í fararbroddi í trúarlegri, heimspekilegri og pólitískri umræðu hér á landi og lagt fram drjúgan skerf til viðgangs íslenskrar tungu og íslenskrar hugsunar með ritstörfum og kennimennsku. Það að orða hinstu rök

tilverunnar, trú, efa, von og bresti er þolraun fyrir mannlegt mál, en herra Sigurbjörn hefur aldrei efast um að íslenskan sé hæf til slíkrar umræðu. Og enn í dag, á tíunda tug ævi sinnar, á hann í lifandi glímu við tungu og hugmyndir, eins og sjá hefur mátt í meilutöum Morgunblaðspistlum hans, Hvað viltu veröld?

Herra Sigurbjörn hefur ritað um fleiri trúarbrögð en kristni og má segja að þótt hann starfi á skýru sviði þjóðkirkjunnar, hafi hann átt og leitt mikilvæga samræðu við önnur svið, bæði trúarbrögð og fræðigreinar. Í störfum sínum sem kennari og kenningamaður hefur herra Sigurbjörn verið öðrum fyrirmynd og hvatning og sýnt fram á að með orðum er hægt er að ná eyrum fólks með aðrar líffskoðanir.“

Á degi íslenskrar tungu voru einnig veittar sérstakar viðurkenningar fyrir stuðning við íslenska tungu. Að þessu sinni fengu Samtök kvenna af erlendum uppruna og fréttastofa [Útvarps](#) viðurkenningar.



Frá vinstri: Tatjana Latinovic Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Sigurbjörn Einarsson biskup, Óðinn Jónsson fréttastjóri RUV og Amal Tamimi Samtökum kvenna af erlendum uppruna

Stafrænt námsefni

Stafrænt og gagnvirk námsefni, sem unnið hefur verið fyrir styrki frá [menntamálaráðuneyti](#)

og [Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið](#), verður kynnt á ráðstefnu í [Kennaraháskóla Íslands](#) föstudaginn 23. nóvember kl. 13.30 í salnum Bratta. Um er að ræða almenna kynningu á framlagi menntamálaráðuneytis og námsefninu en síðan verða verkefni sextán, í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku, til nánari kynningar og umræðu í fjórum málstofum. Námsefnið er glænýtt og verður samkvæmt samningum aðgengilegt fyrir alla án endurgjalds í eitt ár. Því er ætlað að mæta þörf fyrir námsefni í áföngum sem færast milli skólastiga og auðvelda fyrstu skref við breytta námsskipan. Verkefnið fékk styrki frá menntamálaráðuneyti og Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið en þau verkefni sem hlutu styrki fengu frá kr. 500.000 til kr. 7.000.000 hvert. Námsefnisgerð hefur verið í höndum fyrirtækja og stofnana sem eru ýmist búin að skila afurðinni eða að leggja lokahönd á verk sín. Upplýsingar um verkefni og ráðstefnuna eru á vef Menntagáttar <http://menntagatt.is/kynning> en [Símenntunarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands](#) sér um undirbúning og framkvæmd ráðstefunnar auk frekari kynningar á efni.

Íslensk lesvél á vef

Íslensk lesvél er nú öllum opin endurgjaldslaus á netinu og er hægt er að fá aðgang að vélinni á slóðinni <http://hexia.net/upplestur>. Lesvélin byggir á nýrri tækni sem auðveldar aðgang fólks með lestrarerfiðleika að rituðu máli á netinu. Tæknin sem hér um ræðir er upplestrarþjónusta sem notar miðlæga lesvél til að lesa texta beint af vefsíðum. Með aðstoð lesvélarinnar má þannig fá lesinn valinn texta en einnig er hægt að skrifa eigin texta og fá hann lesinn upp.

[Menntamálaráðuneyti](#) styrkti gerð lesvélarinnar en fyrirtækið [Hexia](#) sá um skipulag og framkvæmd.

